



Reykjavík, 1. júlí 2021

R21060284

0505

ívs

Umhverfis- og skipulagssvið

Borgartúni 12-14
105 REYKJAVÍK

Heklureitur - deiliskipulag

Á fundi borgarráðs þann 1. júlí 2021 var lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 30. júní 2021, sbr. samþykkt skipulags- og samgönguráðs frá 30. júní 2021 á auglýsingu á tillögu að deiliskipulagi fyrir Laugaveg 168-174a, Heklureit, ásamt fylgiskjölum. Einnig er lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 30. júní 2021, með yfirliti yfir lagfæringar á uppdráttum.

Borgarráð samþykkti erindið.

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins sátu hjá við afgreiðslu málsins

Borgarráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og vinstri grænna lögðu fram svohljóðandi bókun:

Hér er verið að samþykkja að auglýsa umfangsmikla uppbyggingu þar sem nú eru bílastæði og byggingar sem tilheyra bílasölunni Heklu. Alls munu rísa þar um 436 íbúðir með verslun og þjónustu á jarðhæð. Uppbyggingin við Heklu er lykilsvæði meðfram þróunarás borgarlínu og því fagnaðarefni að verið sé að auglýsa skipulagið á Heklureit.

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins lögðu fram svohljóðandi bókun:

Það er jákvætt að hreyfing sé loks komin á uppbyggingu við Heklureit. Í deiliskipulagstillögunni er borgarlína sýnd í miðju vegarins sem er mjög umdeild lega sem myndi takmarka möguleika umferðar, ljóst er að hún verður mun meiri með 463 nýjum íbúðum á svæðinu.

Áheyrnarfulltrúi Sósíalístaflokks Íslands lögðu fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúi sósíalista leggur áherslu á að ekki þurfi aukna hótelluppbyggingu heldur ætti að leggja alla áherslu á uppbyggingu íbúða og fyrst og fremst félagslega uppbyggingu.

Helga Björk Laxdal
e.u.